



Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 25. febrúar 2015 varðandi eftirfarandi mál.

### **Borgartún 28**

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. október 2014 þar sem gerðar eru athugasemdir og sveitarstjórn bent á að taka athugasemdir til umræðu samkv. 1.mgr. 42. gr. skipulagslaga. Einnig er lagður fram uppdráttur Zeppelin arkitekta dags. 25. mars 2014, lagfærður 20. febrúar 2015.

*Fulltrúi Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson greiða atkvæði með þeim lagfæringum sem fram koma á uppdrætti skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2014 lagfærðum 20. febrúar 2015.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir og fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóahanna Guðmundsdóttir greiða atkvæði á móti.*

*Lagfæring að ósk Skipulagsstofnunar felld á jöfnum atkvæðum.*


*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka:*

*"Í bréfi Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags Borgartúns 28 - 28a segir: "Fram kemur í athugasemdum að hagsmunaaðilar telja að skort hafi á samráð við undirbúning deiliskipulagsbreytingarinnar. Mikil uppbygging er og hefur verið við Borgartún og á aðliggjandi svæðum og við slíkar aðstæður telur Skipulagsstofnun sérstaklega mikilvægt að haft sé samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila umfram það sem lágmarkskröfur skipulagslaga um auglýsingu deiliskipulagsbreytinga kveða á um, sbr. sjónarmið um vandaða stjórnýsluhætti". Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfis- og skipulagsráði lögðu fram tillögu í ráðinu 14. ágúst 2014 um að fundað verði með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum áður en deiliskipulagstillagan yrði tekin til afgreiðslu. Þá tillögu felldu fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna án nokkurra athugasemda frá fulltrúa Pírata sem er áheyrnafulltrúi. Fulltrúar sömu flokka ákváðu að halda fund um Borgartúnið og nágrenni eftir að deiliskipulagsbreytingin hafði verið afgreidd og sá fundur fjallaði ekki sérstaklega um deiliskipulagsbreytingar á Borgartúni 28 - 28 a. Sá fundur hafði þess vegna ekkert vægi og með þá megnu óánægju sem þar kom fram hefur ekkert verið gert. Á fundi borgarstjórnar 16. september s.á. gagnrýndu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks vinnubrögð meirihlutans harðlega. Með tilliti til athugasemda Skipulagsstofnunar skulda þeir fulltrúar sem höfnuðu samráði íbúum afsökunarbeiðni. "*

*Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir bókar:  
"Fulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina fagnar því að athugasemdir Skipulagsstofnunar  
séu lagðar fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og breyttur uppdráttur til  
samþykktar. Framsókn og flugvallarvinir greiddu atkvæði gegn breytingu á  
deiliskipulaginu og er afstaða til þess óbreytt. Skipulagsstofnun telur sérstaklega  
mikilvægt að haft sé samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila umfram lágmarkskröfur  
skipulagslaga um auglýsingu sbr. sjónarmið um vandaða stjórnsýsluhætti. Meirihluti  
borgarstjórnar, þ.e. Samfylking, Vinstri græn, Björt framtíð og Píratar, voru ekki sömu  
skoðunar enda virti meirihlutinn að vettugi fjo'ldamargar athugasemdir sem ba'rust  
vegna breytinga a' deiliskipulaginu og höfnuðu því að halda upply'singa- og  
samra'ðsfund vegna breytinganna a'ður en deiliskipulagið var afgreitt. Eru slík  
vinnubrögð óásættanleg og ekki í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti eins og  
Skipulagsstofnun bendir réttilega á"*

*Visað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Örn Sigurðsson

Fylgiskjöl: bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. október 2014 og lagfærður uppdráttur  
Zeppelin arkitekta dags. 25. mars 2014, lagf. 20. febrúar 2015.